



Fundargerð

33. fundur Lýðheilsuráðs Reykjanesbæjar, haldinn í Hljómahöll,

15. nóvember 2022, kl. 14:00

Viðstaddir: Bjarney Rut Jensdóttir formaður, Anna Lydía Helgadóttir, Jóhanna Björk Sigurbjörnsdóttir, Karítas Lára Rafnkelsdóttir og Magnús Einþór Áskelsson.

Að auki sátu fundinn Ásdís Ragna Einarsdóttir lýðheilsufulltrúi, Rakel Rán Unnarsdóttir fulltrúi ungmennaráðs og Íris Andrea Guðmundsdóttir ritari.

* * *

1. Aðgerðaáætlun 2023 (2022090294)

Lýðheilsuráð lagði lokahönd á vinnu við aðgerðaáætlun 2023, helstu áherslur 2023 er geðrækt með áherslu á unglunga og ungmenni.

2. Heilsueflandi viðburðir 2022 (2021080347)

Ásdís Ragna Einarsdóttir lýðheilsufulltrúi fór yfir viðburði nóvember og desember mánaðar. Í nóvember verður námskeið um næringarríkt nammi sem haldið verður miðvikudaginn 23. nóvember á bókasafni Reykjanesbæjar, þar sem áhersla verður lögð á hollari hráefni. Viðburður desember mánaðar verður aðventuganga með áherslu á hreyfingu og samveru fjölskyldunnar.

3. Ungmennaráð og geðrækt (2022110223)

Ólafur Bergur Ólafsson umsjónarmaður ungmennaráðs var gestur fundarins og kynnti lykiláherslur að bættri andlegri heilsu ungmenna ásamt Rakeli Rán Unnarsdóttur lýðheilsufulltrúa ungmennaráðs. Ákveðið var að auka samstarf á milli lýðheilsuráðs og ungmennaráðs til að stuðla að bættu geðheilbrigði unglunga og ungmenna.

Lýðheilsuráð þakkar ungmennaráði fyrir frábæra kynningu.

4. Sálfræðiþjónusta í Fjölbrautarskóla Suðurnesja (2022020201)

Einar Trausti Einarsson yfirsálfræðingur hjá Reykjanesbæ var gestur fundarins og veitti innsýn í þjónustusamning um sálfræðiþjónustu sem sveitarfélagið hafði við Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Lýðheilsuráð þakkar Einari fyrir greinagóða kynningu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:05.